Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**10. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna**
**var haldinn í Sveinatungu, Garðabæ, föstudaginn 17. nóvember 2023**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lovísa Jónsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Einar Þorsteinsson, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Gestir fundarins voru Guðmundur B. Friðriksson formaður starfshóps í úrgangsmálum, Bryndís Skúladóttir ráðgjafi frá VSÓ, Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður, Ísól Fanney Ómarsdóttir og Gunnar Dofri Ólafsson starfsfólk Sorpu bs.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og annar formanna stefnuráðs setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Stefnuráð - stefnusáttmáli - 2202006**

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir niðurstöður vinnustofa 9. fundar stefnuráðs sem fram fór 6. október sl.; athugasemdir og ábendingar starfshóps í úrgangsmálum vegna stefnusáttmála sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála, en hópnum var falið að rýna og gera umsögn við drög að honum og segir frá gangi mála í viðræðum við ESA og næstu skrefum þar. Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður kynnir þá greiningu sem nú stendur yfir á verkefnum Sorpu bs.

**Niðurstaða:**

*Umræður*

**2. Stefnuráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003**

Guðmundur B. Friðriksson formaður starfshóps í úrgangsmálum kynnir skilabréf hópsins, drög hópsins að sameiginlegri samþykkt um meðhöndlun úrgangs, leiðbeiningar um gjaldtöku sveitarfélaganna á grundvelli "borgað-þegar-hent-er" og tillögur hópsins um fyrirkomulag verkefna og verkaskiptingu við úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu, og þá áhrifaþætti sem þar koma til skoðunar.

Gerð er tillaga um að hópurinn starfi áfram í núverandi mynd og sé stefnuráði til rágjafar. Erindisbréf þar að lútandi verði unnið á vettvangi SSH.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Stefnuráðsfulltrúar hafa frest til og með 30. nóvember nk. til að gera athugasemdir við fyrirliggjandi drög að sameiginlegri samþykkt og drög að leiðbeiningum um gjaldskrár. Starfshópurinn mun vinna úr þeim athugasemdum sem berast.

Að því ferli loknu er starfshópnum falið að afhenda hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum drög að sameiginlegri samþykkt en samkvæmt lögum skal heilbrigðisnefnd leggja drög að samþykkt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Umræður.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

**3. Önnur mál - 2110011**

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir sviðsmynd um næstu skref verkefnisins.

Gert er ráð fyrir að drög að sameiginlegri samþykkt og leiðbeiningar að gjaldskrá, að fengnum frekari athugasemdum og úrvinnslu þeirra, verði send heilbrigðisnefndum sem leggi þau fyrir á vettvangi sveitarfélaganna.

Stefnusáttmáli verði þá unninn áfram m.t.t. endanlegra samþykkta svo og greiningu á verkefnum Sorpu og þeirra sviðsmynda sem lagðar verða fram í samræðum við ESA.

Á grundvelli framangreinds verður svo framtíðarfyrirkomulag rekstrar og stjórnsýslu Sorpu mótað.

Umræður.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og annar formanna stefnuráðs sleit fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026